

neytendur

Hve lengi er hægt að kalla appelsínusafa ferskan?

Sum matvæli eru merkt sem náttúruleg, ekta, lúxus og fersk án þess að geta staðið undir merkjum. Jónína P. Stefánsdóttir, sérfræðingur á matvælasviði Umhverfisstofnunar, sagði Jóhönnu Ingvarsdóttur að óheimilt væri að villa þannig um fyrir kaupendum.

Margir og vonandi flesstar reyna að kaupa holl matvæli til þess að auka heilbrigði og halda rétti líkamefnynd. Og oft eru matvæli merkt sem „holl“ án þess að hægt sé að sýna fram á það. Óleyflegt er með öllu að segja að matvæli séu holl eða hafi heilsusamlega eiginleikum nema fram komi að þau séu hluti af heilsusamlegu eða hollu mataræsti, að sýgn Jónína P. Stefánsdóttar, sérfræðings á matvælasviði Umhverfisstofnunar.

Ekkí eru svo mörög ár síðan flesir gerðu sinn mat heima, bökudú, saltadú, ræktadú kartöflur, frystu grænmeti og kjöt til vetrarins. Fólk ákvæð sjálft hvað var sett í matina og visei hvað hann inniheldt.

Takmörk á upplýsingaflóðið

„Nú kaupum við tilbúin matvæli í stórum stíl. Úrvalið er mikil og allt að vera klárt í ofni og á þónumuna. En það getur verið flókið og tímafrektað að velja á milli matvæla á grundvelli innihaldsupplýsinga því letrið er oft mjög smátt og jafrvel þarf að leita að því á pakningunni



Morgunblaðið/Gölli

Merkingar Ólögglet er að fullyrða að vara sé greidd heilsusamlegum eiginleikum nema hægt sé að sýna fram á það.

innan um mörög tungurnál. Hins vegar er framhlíð pakninga notuð til að draga athygli neytenda að vörumni og þar eru gjarnan myndir og aðrar merkingar, sem gylja vöruna í augum kaupandans.

En það eru takmörk fyrir því hve langt má ganga, svo að upplýsingarnar verði ekki villandi. Það er skýrt tekið fram í lögum um matvæli að ekki má blekkja kaupendur matvæla. Prátt fyrir að við séum að mestu hætt að vinna matinn frá grunni heima viljum við samt að matvælin séu fersk, náttúruleg, án aukefna og af miklum greðum.

Petta vita framleiðendur og sellendur matvæla og sumir ganga langt í að nýta sér það. Þannig kemur fyrir að matvæli eru merkt sem „náttúruleg“, „ekta“, „láxus“ og „fersk“ án þess að geta staðið undir því. Það er til dæmis spurning hve lengi er hægt að kalla appelsínusafa „ferskan“,“ segir Jónína.

Neytendar eiga rétt að því að matvælin innihaldi það sem gefið er upp eða gefið er í skyn. „Vörur eins og ávaxtafrostípmi að innihalda ávexti eða ávaxtasafa. Og ef umbúðir er eru skreyttar með myndum af frófxtum, eiga matvælin að innihalda ávexti. Samkvæmt reglum að merkja magn hráefna, í þessu tilfelli ávaxta, ef verið er að undirstríka mikilvægi þeirra. En svo er hægt að benda á að vara sem samkvæmt hefð inniheldur ákvæðin hráefni svo sem guacamole, sem er avocadosósa, standur varla undir því heiti ef hún inniheldur einungis 0,6% af þurrkuðu avocado.

uppg eða gefið er í skyn. „Vörur eins og ávaxtafrostípmi að innihalda ávexti eða ávaxtasafa. Og ef umbúðir er eru skreyttar með myndum af frófxtum, eiga matvælin að innihalda ávexti. Samkvæmt reglum að merkja magn hráefna, í þessu tilfelli ávaxta, ef verið er að undirstríka mikilvægi þeirra. En svo er hægt að benda á að vara sem samkvæmt hefð inniheldur ákvæðin hráefni svo sem guacamole, sem er avocadosósa, standur varla undir því heiti ef hún inniheldur einungis 0,6% af þurrkuðu avocado.

Dansk paté ekki dansk

Dæmi má finna um vörur þar sem gefið er í skyn að vara innihaldi ákvæðin hráefni, en gerir það ekki samkvæmt innihaldslysingu, svo sem hunangskjöt án hunsangs, sild í hvitlauscsú án hvitlaulos, kex með jarðarberjakremi, sem er án jarðarberja en með bragðefni,“ segir Jónína.

Margir neytendar vilja upp-

runa matvæla, sérstaklega á það við um kjöt og grænmeti og önnur hráefni. „Einhver brágð er að jví að innfyltgjendur vara reyni að láta þer lita út fyrir að vera fáleinskar. Við erum ván því að vörur séu kenndar við lond eða svæði án þess að verið sé að gefa í skyn að varan sé framleidd í viðkomandi landi, s.s. franskar kartóflur, vínarbrauð og danskt paté. En það getur líka verið villandi í öðrum tilvikum. Síðan má benda á að það eru fáar reglur um upprunamerkingu matvæla og ekki er skyld að gefa upp á umbúðum framleiðanda vörumnar en eingöngu er skyld að gefa upp ábyrgðaraðila á Evrópsku efnahagssvæðinu sem ber ábyrgð á vörumni og merkingum hennar og því að rekjanleikinn sé tryggður,“ segir Jónína.

Kynningar ganga líka of langt

Það eru ekki bara merkingarnar á matvælunum sjálfum sem geta verið villandi, heldur líka kynningar

I HNOTSKURN

» Í lögum um matvæli segir m.a. að tilgangur þeirra sé að tryggja, eins og kostur er, að merkingar og aðrar upplýsingar um matvæli séu réttar og fullmegjandi og að óheimilt sé að hafa matvæli á boðstórum eða dreifa þeim þannig að þau blekkji kaupanda að því er vardar uppruna, tegund, gæðaflokkun, samsetningu, magn, eðli eða ahrif.

» Orðið villandi hefur sömu merkingu og orðið blekkjandi.

» Merkingar eru viðtekt ord og í reglugerd um merkingu matvæla standur: „Merking er orð, upplýsingar, vörumerki, sérheiti, myndefni eða tákna, sem tengast matvælum og eru sett á umbúðir, skjöl, tilkynningar, merkiniðu, hrungi eða kraga, sem fylgja matvælunum eða vísa til þeirra.

og anglysingar. Flestar hafa einfverna tíma orðið vitni að því að þær, sem eru að kynna eða selja vörur, ganga langt í að kynna og selja sínar vörur. Hitacíningalaus orkudrykkur eða hitaemmingalaus próteindrykkur eru dæmi um það, en prótein er eitt af orkuefnunum og hvert gramm gefur fórar hitaemmingar svo að fullyrðingin getur alls eldki staðist.

Nú er eftirlitsverkefni í gangi hjá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga og Umhverfisstofnun þar sem skóðað er sérstaklega hvort merkingar, kynningar og anglysingar matvæla séu villandi eða líklegar til að vera það. Því mun ljúka síðar á árinu með leiðbeiningum sem munu nýttast huefi fyrirtækjum og heilbrigðiseftirliti, að sýgn Jónínu.

Þetta er þriðja greinin af nokkrum í greinaflokkum, sem er samstarfsverkefni matvælasviðs Umhverfisstofnunar og Morgunblaðsins.